

# LEIÐBEININGAR UM GREININGU EINHVERFU SAMKVÆMT ICD-11 OG SKRÁNINGU MEÐ ICD-10 KÓÐUM

Útgáfa 1.0 | Júlí 2026



Ráðgjafar- og  
greiningarstöð

# Leiðbeiningar um greiningu einhverfu samkvæmt ICD-11 og skráningu með ICD-10 kóðum

## Vinnuhópurinn skipaður:

Emilía Guðmundsdóttir, sálfræðingur, RGR, leiddi vinnuhópinn Haukur Örvar Pálmason, sérfræðingur í klínískri taugasálfræði, BUGL Helga Auðardóttir, sálfræðingur, SÓL Ingólfur Einarsson, barnalæknir, RGR Sigurrós Jóhannsdóttir, sálfræðingur, HH Solveig Erna Jónsdóttir, sérfræðingur í klínískri sálfræði, LSH

Leiðbeiningarnar voru unnar af vinnuhópnum í samráði við greiningarteymi þvert á stofnanir, embætti landlæknis og heilbrigðisráðuneyti.

## Útgefandi:

Ráðgjafar- og greiningarstöð  
Dalshrauni 1b  
220 Hafnarfirði

© 2026 Ráðgjafar- og greiningarstöð



Ráðgjafar- og greiningarstöð

## Efnisyfirlit

<b>Formáli</b> .....	<b>2</b>
<b>Klínísk greining samkvæmt ICD-11</b> .....	<b>3</b>
<i>Helstu breytingar á greiningarskilmerkjum fyrir einhverfu</i> .....	3
<i>Nauðsynleg (essential) greiningarskilmerki fyrir einhverfurófsröskun í ICD-11</i> .....	4
<i>Viðbætur (specifiers) fyrir einhverfurófsröskun í ICD-11</i> .....	5
<b>Leiðbeiningar um kóðun og skráningu</b> .....	<b>6</b>
<i>Einhverfurófsröskun</i> .....	6
<b>Tafla 1 Greiningarkóðar fyrir einhverfurófsröskun</b> .....	6
<b>Tafla 2 Tvöföld skráning greiningarkóða fyrir einhverfurófsröskun</b> .....	7
<b>Tafla 3 Lýsing á grunnkóðum fyrir einhverfurófsröskun</b> .....	8
<i>Ekki einhverfurófsröskun</i> .....	9
<b>Tafla 4 Dæmi um aðrar greiningar og möguleika</b> .....	9



## FORMÁLI

Á síðustu tveimur áratugum hafa orðið umfangsmiklar og alþjóðlega viðurkenndar breytingar á skilgreiningu einhverfu, þar sem horfið hefur verið frá aðgreindum undirflokkum yfir í eina samfellda greiningu, einhverfurófsröskun. Núgildandi flokkunarkerfi hérlendis hefur ekki endurspeglad þessa þróun og því hefur skapast misræmi milli nútíma þekkingar og faglegrar framkvæmdar. Af þeim sökum hefur verið þörf á að endurskoða og samræma verklag við greiningu einhverfu, jafnframt því að tryggja samfellu í skráningu og þjónustu.

Leiðbeiningar þessar eru afrakstur samráðs fagfólks þvert á stofnanir sem sinna greiningu einhverfu, í samstarfi við heilbrigðisyfirvöld. Þær byggja á ICD-11<sup>1</sup>, nýjstu útgáfu flokkunarkerfisins sem gefið er út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), og hafa jafnframt hliðsjón af sambærilegum leiðbeiningum í nágrannalöndum. Markmið þeirra er að brúa bilið fram að formlegri innleiðingu ICD-11 hér á landi með samræmdu verklagi sem byggir á uppfærðum greiningarskilmerkjum og hugtakanotkun.

Í skjalinu er fjallað um helstu breytingar á greiningarskilmerkjum einhverfu, megininntak ICD-11 skilmerkjanna og þær viðbætur sem notaðar eru fyrir einstaklingsmiðaða lýsingu. Þá eru settar fram leiðbeiningar um kóðun og skráningu samkvæmt uppfærðu verklagi. Til að styðja við uppfært verklag hafa nýir bráðabirgðakóðar verið gerðir aðgengilegir undir ICD-10 á vefnum SKAFL.is<sup>2</sup>. Leiðbeiningarnar koma ekki í stað þess að kynna sér skilgreiningu einhverfurófsröskunar í ICD-11. Þær eru fyrst og fremst ætlaðar fagfólki sem sinnir greiningu einhverfu, en geta einnig nýst öðrum sem koma að þjónustu eða stuðningi við einhverft fólk. Hugtökin *einhverfa* og *einhverfurófsröskun* eru notuð jöfnum höndum í leiðbeiningunum.

Vert er að taka fram að ekki er fjallað um aðferðir, innihald eða framkvæmd greiningarferlis í þessu skjali. Slíka umfjöllun er að finna í *Klínískum leiðbeiningum um viðurkennt verklag við greiningu einhverfu hjá börnum og ungmennum* sem Ráðgjafar- og greiningarstöð gaf fyrst út árið 2021 og nálgast má á vef stofnunarinnar (rgr.is). Greining einhverfu ætti ávallt að byggja á þverfaglegu mati fagfólks með viðeigandi sérfræðilpekkingu og þjálfun.

Hafnarfjörður, júlí 2026

### Í HNOTSKURN:

- ➔ Greining einhverfu skal byggja á ICD-11
- ➔ Skrá skal greininguna með nýjum ICD-10 bráðabirgðakóðum (U52.x) sem samsvara ICD-11 kóðunum og finna má á vefnum SKAFL.is
- ➔ Einnig skal halda áfram að skrá valda eldri ICD-10 kóða (F84.x) samhliða um sinn (tvöföld skráning)

<sup>1</sup> World Health Organization. *International Classification of Diseases 11th Revision (ICD-11)*. 2022. <https://icd.who.int/en/>; World Health Organization. *Clinical descriptions and diagnostic requirements for ICD-11 mental, behavioural and neurodevelopmental disorders*. 2024. <https://www.who.int/publications/i/item/9789240077263>

<sup>2</sup> Embætti landlæknis: SKAFL (ICD-10). <https://skafl.is/>

## KLÍNÍSK GREINING SAMKVÆMT ICD-11

### Helstu breytingar á greiningarskilmerkjum fyrir einhverfu: ICD-10 → ICD-11

- Frá undirflokkum yfir í róf
  - Undirflokkarnir í ICD-10 (bernskueinhverfa, ódæmigerð einhverfa og Aspergersheilkenni) sameinast í eina greiningu í ICD-11 → **Einhverfurófsröskun** (*autism spectrum disorder*)
- Uppfærð hugtök
  - Gagntækar þroskaraskanir ásamt tilteknum undirflokkum í ICD-10 verða að Einhverfurófsröskun í ICD-11 sem fellur undir nýjan yfirflokk → **Taugaþroskaraskanir** (*neurodevelopmental disorders*)
  - Hugtökin „bernskueinhverfa“, „óðæmigerð einhverfa“, „Aspergersheilkenni“ og „gagntæk þroskaröskun“ heyra sögunni til
- Tvö megin (kjarna) einkennasvið í stað þriggja
  - ICD-11 sameinar tvö einkennasvið úr ICD-10 í eitt, þ.e. skerta hæfni í gagnkvæmu félagslegu samspili og skerta tjáskiptafærni
  - Kjarna einkennasviðin tvö í ICD-11 eru því:
    - **Skert geta í félagslegum tjáskiptum og gagnkvæmu félagslegu samspili** (*Deficits in social communication and reciprocal social interaction*)
    - **Afmörkuð, endurtekningarsöm og ósveigjanleg mynstur hegðunar, áhugamála eða athafna** (*Restricted, repetitive and inflexible patterns of behaviour, interests, or activities*)
- Einfaldari viðmið
  - Í ICD-10 voru m.a. illa skilgreindir undirflokkar sem leyfðu greiningu undir einhverfurófinu (þ.e. gagntækum þroskaröskunum) án þess greiningarskilmerki væru uppfyllt með hamlandi einkennum á öllum einkennasviðum; í ICD-11 er skýr krafa um að viðvarandi og hamlandi einkenni birtist á báðum einkennasviðum
- Enginn byrjunaraldur
  - Í ICD-10 var gerð krafa um að einkenni bernskueinhverfu kæmu fram fyrir 3 ára aldur og ef þau komu fram síðar áttu aðrir undirflokkar betur við; í ICD-11 er enginn sérstakur byrjunaraldur tiltekinn en röskunin þarf að koma fram á þroskaskeiði, oftast snemma í bernsku, en ekki endilega alltaf að fullu fyrir en síðar
- Viðbætur (*specifiers*) fyrir einstaklingsmiðaða lýsingu
  - Í ICD-10 byggðu undirflokkarnir á birtingarmynd einhverfueinkenna en þeir hafa hvorki reynst nægilega áreiðanlegir skv. rannsóknum né gagnlegir til að skipuleggja þjónustu eða áætla stuðningsþörf; ICD-11 gerir kröfu um að greiningin sé nánar skilgreind út frá öðrum þáttum sem fullvíst er að hafi áhrif á stuðningsþörf eða skipti máli við skipulag þjónustu:
    - Meðfylgjandi þroskahömlun (með/án þroskahömlunar)
    - Stig skerðingar í virkri málnotkun (engin/væg skerðing, skerðing, algjör vöntun)
    - Saga um afturför (með/án sögu um tap á færni)

## Nauðsynleg (*essential*) greiningarskilmerki fyrir einhverfurófsröskun í ICD-11 eru fjórbætt:

1. **Viðvarandi skert geta til að hefja og viðhalda félagslegum tjáskiptum og gagnkvæmu félagslegu samspili** sem er utan þess sem búast má við út frá aldri og vitsmunapróska einstaklingsins. Birtingarmyndir þessara skerðinga eru breytilegar eftir lífaldri, mál- og vitsmunafærni og alvarleika röskunarinnar.
2. **Viðvarandi afmörkuð, endurtekningarsöm og ósveigjanleg mynstur hegðunar, áhugamála eða athafna** sem eru greinilega ódæmigerð eða óhófleg miðað við aldur og félagsmenningarlegt samhengi.
3. **Röskunin kemur fram á þroskaskeiði**, oftast snemma í bernsku, en einkenni koma ekki alltaf að fullu fram fyrr en síðar, þegar félagslegar kröfur aukast umfram getu einstaklingsins.
4. **Einkennin leiða til verulegrar skerðingar** á virkni í persónulegu lífi, fjölskyldulífi, félagslífi, námi, starfi eða öðrum mikilvægum sviðum. Sumir einstaklingar geta þó tekist á við margar aðstæður með óvenjumikilli fyrirhöfn, þannig að erfiðleikar þeirra eru ekki alltaf augljósir öðrum. Greiningin getur engu að síður átt við í slíkum tilvikum.

### TAUGAÞROSKARASKANIR – NÝR FLOKKUR Í ICD-11:

Einhverfa fellur undir flokkinn taugaproskaraskanir í ICD-11 ásamt þroskahömlun, tal- og málþroskaröskunum, þroskaröskun á námshæfni, þroskaröskun á hreyfisamhæfingu, ADHD og staglhreyfiröskun. Þessar raskanir hafa allar í grunninn með taugaproska að gera og birtast á þroskaskeiði.

### NOKKUR ATRÍÐI UM GREININGU ÚT FRÁ ICD-11:

- ✓ Íslensk heildarþýðing á ICD-11 liggur ekki fyrir en nálgast má helstu greiningarskilmerki fyrir einhverfu á íslensku í þessum leiðbeiningum og á [SKAFL.is](http://SKAFL.is) auk þess sem ítarlegri skilmerki og klínískar lýsingar er að finna á ensku í vefútgáfu flokkunarkerfisins [ICD-11](#) og í [CDDR](#).
- ✓ Mikilvægt er að hætta notkun á greiningarheitum eldri undirflokkanna ICD-10 þótt vissir greiningarkóðar verði notaðir áfram samhliða þeim nýju um sinn í skráningartilgangi – þeir hafa ekki endilega sömu merkingu þegar ICD-11 greiningarskilmerkjum er fylgt.
- ✓ Gæta þarf að því að fá ítarlega sögu, sérstaklega í ljósi þess að gerð er krafa um einkenni á báðum einkennasviðum og þau birtast ekki alltaf öll við afmarkaða athugun í klínískum aðstæðum.
- ✓ Einkenni einhverfu eru ekki endilega sértæk fyrir einhverfu – gæta þarf vel að mismunagreiningum og fylgiröskunum (sjá t.d. umfjöllun um *boundaries with other conditions/differential diagnosis* í ICD-11).
- ✓ Einkenni þurfa að vera viðvarandi og hamlandi, þ.e. valda verulegri skerðingu á mikilvægum virknisviðum.
- ✓ Einkenni geta fyrst orðið hamlandi þegar félagslegar kröfur aukast umfram getu og leiða þá til athugunar seinna en ella.
- ✓ Einkenni geta birst á mismunandi hátt (sjá nánar klínískar lýsingar í ICD-11) og sumir einstaklingar leggja mikið á sig til að draga úr þeim innan um annað fólk í vissum aðstæðum – mikilvægt er að fá upplýsingar um virkni einstaklingsins í mismunandi aðstæðum.
- ✓ Viðbætur við einhverfurófsröskun skv. ICD-11 eru ekki einu einstaklingsbundnu þættirnir sem geta haft áhrif á stuðningsþarfir og ættu því ekki að vera eina viðmiðið þegar þjónusta er skipulögð.
- ✓ ICD-11 greiningarskilmerkin fyrir einhverfu eru sambærileg og í DSM-5 en fela þó ekki í sér þroskulda um fjölda einkenna (sjá annars umfjöllun um *threshold* í ICD-11) – gagnlegt getur verið að skoða DSM-5 viðmiðin samhliða ICD-11 en alvarleikastigin þrjú í DSM-5 hafa ekki formlegt gildi hér á landi.

## Viðbætur (*specifiers*) fyrir einhverfurófsröskun í ICD-11 eru þrennskonar:

ICD-11 notar svokallaðar viðbætur (*specifiers*) til að lýsa nánar klínískt mikilvægum einstaklingsbundnum þáttum sem tengjast greiningunni. Einstaklingar á einhverfurófi geta haft afar fjölbreytta vitsmuna- og málfærni og viðbæturnar við einhverfurófsröskun endurspeglar þætti sem geta haft áhrif á stuðningsþarfir og nýst við skipulagningu stuðnings og frekari úrræða.

- ➔ **Meðfylgjandi þroskahömlun** (*co-occurring disorder of intellectual development*) þarf að greina sérstaklega. Eigi hún við skal hún flokkuð nánar út frá alvarleikastigi og greiningin skráð samhliða einhverfugreiningunni, ekki eingöngu sem viðbót við einhverfugreininguna. Við mat á aðlögunarfærni skal hafa í huga að skerðing í félagslegum tjáskiptum er meðal kjarnaeinkenna einhverfu og því þarf að leggja meiri áherslu á aðra þætti aðlögunarfærni þegar metið er hvort þroskahömlun sé meðfylgjandi.
  - án þroskahömlunar
  - með þroskahömlun
- ➔ **Stig skerðingar í virkri málnotkun** (*degree of functional language impairment*) vísar til getu einstaklingsins til að nota mál (talað eða táknað) í hagnýtum tilgangi, svo sem til að tjá persónulegar þarfir og langanir, en ekki til þeirra skerðinga í félagslegum tjáskiptum sem skilgreina einhverfu. Taka þarf tillit til aldurs við stigin.
  - með vægri eða engri skerðingu í virkri málnotkun (þ.e. án verulegrar skerðingar)
  - með skertri virkri málnotkun (þ.e. getur aðeins notað stök orð eða einfaldar setningar í hagnýtum tilgangi)
  - með algjörrri, eða nánast algjörrri, vöntun á virkri málnotkun (þ.e. notar mál lítið sem ekkert í hagnýtum tilgangi)
- ➔ **Tap á færni** (*loss of previously acquired skills*) er þriðja viðbótin sem hægt er að skrá með einhverfugreiningu skv. ICD-11 og er hér verið að vísa til lítils hlutfalls einstaklinga á einhverfurófi sem tapa færni sem þeir hafa áður náð tökum á. Afturförin á sér oftast stað fyrir 3 ára aldur og nær þá helst til málnotkunar og félagslegrar svörunar. Afturför eftir 3 ára aldur felst fremur í tapi á vitsmuna- og aðlögunarfærni, afturför í mál- og félagsfærni og aukningar á tilfinninga- og hegðunarerfiðleikum. ICD-10 kerfið býður ekki upp á aukastaf til að skrá þessa viðbót með nýjum bráðabirgðakóðum en hægt er að lýsa henni í texta.
  - án taps á áður aflaðri færni
  - með tapi á áður aflaðri færni

## LEIÐBEININGAR UM KÓÐUN OG SKRÁNINGU

**Einhverfurófsröskun** – á aðeins við ef öll nauðsynleg greiningarskilmerki ICD-11 eru uppfyllt (sjá töflu 3 á bls. 8)

1. Tilgreinið með *viðbótum* hvort a) meðfylgjandi þroskahömlun sé til staðar eða ekki og b) stig skerðingar í virkri málnotkun og skráið viðeigandi U52.x kóða<sup>3</sup> (sjá töflur 1 og 2):

**Tafla 1 Greiningarkóðar fyrir einhverfurófsröskun**

	með vægri eða engri skerðingu í virkri málnotkun	með skertri virkri málnotkun	með algjörri, eða nánast algjörri, vöntun á virkri málnotkun
án þroskahömlunar	U52.0	U52.2	—
með þroskahömlun	U52.1	U52.3	U52.5

U52.0 ... án þroskahömlunar og með vægri eða engri skerðingu í virkri málnotkun

U52.1 ... með þroskahömlun og með vægri eða engri skerðingu í virkri málnotkun

U52.2 ... án þroskahömlunar og með skertri virkri málnotkun

U52.3 ... með þroskahömlun og með skertri virkri málnotkun

U52.5 ... með þroskahömlun og með vöntun á virkri málnotkun

- a. Ef greiningarkóðar byggðir á ofangreindum *viðbótum* um meðfylgjandi þroskahömlun og stig skerðingar í virkri málnotkun eiga ekki við eða ekki er unnt að ákvarða þá:

U52.8 Önnur tilgreind einhverfurófsröskun (ofangreindar breytur eiga ekki við)

U52.9 Einvhverfurófsröskun, ótilgreind (ofangreindar breytur eru óþekktar)

- b. ICD-10 býður ekki upp á möguleikann að skrá aukastaf fyrir *viðbætur* um afturför en því má lýsa í texta með eftirfarandi hætti:

... án taps á áður aflaðri færni

... með tapi á áður aflaðri færni

2. Skráið einnig viðeigandi F84.x kóða<sup>4</sup>, t.d. innan sviga fyrir aftan U52.x kóðann (tvöföld skráning; sjá töflu 2 á bls. 7):

F84.0 Ef skýr einkenni og byrjunaraldur undir 3 ára (þ.e. uppfyllir ICD-11 greiningarskilmerki fyrir einhverfurófsröskun OG ICD-10 greiningarskilmerki fyrir F84.0)

F84.1 Ef ódæmigerð einkenni EÐA byrjunaraldur ekki skýrt undir 3 ára<sup>5</sup> EÐA birtingarmynd samræmist Aspergersheilkenni (þ.e. uppfyllir ICD-11 greiningarskilmerki fyrir einhverfurófsröskun EN ekki ICD-10 greiningarskilmerki fyrir F84.0)

F84.9 Ef byrjunaraldur og/eða þroskasaga eru óþekkt eða meðan beðið er eftir upplýsingum/endurmati til nánari flokkunar skv. ofangreindum kóðum (uppfyllir þó ICD-11 greiningarskilmerki fyrir einhverfurófsröskun)

<sup>3</sup> Nýir bráðabirgðakóðar undir ICD-10 á SKAFL.is þar sem ekki er hægt að skrá ICD-11 kóða fyrr en kerfið hefur verið innleitt.

<sup>4</sup> Hætta skal alfarið notkun kóðanna F84.5 og F84.8, þeir hafa verið óvirkjaðir í ICD-10 á SKAFL.is.

<sup>5</sup> En hafið í huga að fólk getur komið til athugunar mun síðar.

**Tafla 2 Tvöföld skráning greiningarkóða fyrir einhverfurófsröskun**

Greining -byggð á ICD-11	ICD-11 kóði -ekki komnir í notkun	Nýr ICD-10 kóði -samsvarar ICD-11	Eldri ICD-10 kóði -skráið einnig	Athugasemd
Einhverfurófsröskun	6A02	<b>U52</b>	F84.0 EÐA F84.1 EÐA F84.9	Skráið bæði U52.x og F84.0 (ef skýr einkenni og komin fram fyrir 3 ára aldur) eða F84.1 (ef uppfyllir ekki viðmið fyrir F84.0). Ef ekki er hægt að velja milli F84.0 og F84.1 er hægt að skrá F84.9 til bráðabirgða.
Einhverfurófsröskun án þroskahömlunar og með vægri eða engri skerðingu í virkri málnotkun	6A02.0	<b>U52.0</b>	F84.0 EÐA F84.1 EÐA F84.9	Skráið bæði U52.0 og F84.0 (ef skýr einkenni og komin fram fyrir 3 ára aldur) eða F84.1 (ef uppfyllir ekki viðmið fyrir F84.0). Ef ekki er hægt að velja milli F84.0 og F84.1 er hægt að skrá F84.9 til bráðabirgða.
Einhverfurófsröskun með þroskahömlun og með vægri eða engri skerðingu í virkri málnotkun	6A02.1	<b>U52.1</b>	F84.0 EÐA F84.1 EÐA F84.9	Skráið bæði U52.1 og F84.0 (ef skýr einkenni og komin fram fyrir 3 ára aldur) eða F84.1 (ef uppfyllir ekki viðmið fyrir F84.0). Ef ekki er hægt að velja milli F84.0 og F84.1 er hægt að skrá F84.9 til bráðabirgða.
Einhverfurófsröskun án þroskahömlunar og með skertri virkri málnotkun	6A02.2	<b>U52.2</b>	F84.0 EÐA F84.1 EÐA F84.9	Skráið bæði U52.2 og F84.0 (ef skýr einkenni og komin fram fyrir 3 ára aldur) eða F84.1 (ef uppfyllir ekki viðmið fyrir F84.0). Ef ekki er hægt að velja milli F84.0 og F84.1 er hægt að skrá F84.9 til bráðabirgða.
Einhverfurófsröskun með þroskahömlun og með skertri virkri málnotkun	6A02.3	<b>U52.3</b>	F84.0 EÐA F84.1 EÐA F84.9	Skráið bæði U52.3 og F84.0 (ef skýr einkenni og komin fram fyrir 3 ára aldur) eða F84.1 (ef uppfyllir ekki viðmið fyrir F84.0). Ef ekki er hægt að velja milli F84.0 og F84.1 er hægt að skrá F84.9 til bráðabirgða.
Einhverfurófsröskun með þroskahömlun og með vöntun á virkri málnotkun	6A02.5	<b>U52.5</b>	F84.0 EÐA F84.1 EÐA F84.9	Skráið bæði U52.5 og F84.0 (ef skýr einkenni og komin fram fyrir 3 ára aldur) eða F84.1 (ef uppfyllir ekki viðmið fyrir F84.0). Ef ekki er hægt að velja milli F84.0 og F84.1 er hægt að skrá F84.9 til bráðabirgða.
Önnur tilgreind einhverfurófsröskun	6A02.Y	<b>U52.8</b>	F84.0 EÐA F84.1 EÐA F84.9	Notist þegar nánari flokkun samkvæmt viðbótum um meðfylgjandi þroskahömlun og stígun skerðingar í virkri málnotkun á ekki við. Skráið bæði U52.8 og F84.0 (ef skýr einkenni og komin fram fyrir 3 ára aldur) eða F84.1 (ef uppfyllir ekki viðmið fyrir F84.0). Ef ekki er hægt að velja milli F84.0 og F84.1 er hægt að skrá F84.9 til bráðabirgða.
Einhverfurófsröskun, ótilgreind	6A02.Z	<b>U52.9</b>	F84.0 EÐA F84.1 EÐA F84.9	Notist þegar upplýsingar vantar til nánari flokkunar samkvæmt viðbótum um meðfylgjandi þroskahömlun og stígun skerðingar í virkri málnotkun. Skráið bæði U52.9 og F84.0 (ef skýr einkenni og komin fram fyrir 3 ára aldur) eða F84.1 (ef uppfyllir ekki viðmið fyrir F84.0). Ef ekki er hægt að velja milli F84.0 og F84.1 er hægt að skrá F84.9 til bráðabirgða.

**DÆMI UM TVÖFALDA SKRÁNINGU:**

**Greining - ICD-10**

Einhverfurófsröskun U52.1 (F84.x)

með þroskahömlun og með vægri eða engri skerðingu í virkri málnotkun án taps á áður aflaðri færni þroskahömlun, væg F70

**Tafla 3 Lýsing á grunnkóðum fyrir einhverfurófsröskun**

Greining byggð á ICD-11	Nýr ICD-10 kóði samsvarar ICD-11 6A02.x	Lýsing fyrir kóða sjá nánar vefsíður ICD-11 og SKAFL.is
Einhverfurófsröskun	U52	Einhverfurófsröskun einkennist af viðvarandi skerðingu á getu til að hefja og viðhalda gagnkvæmu félagslegu samspiili og félagslegum tjáskiptum, ásamt afmörkuðum, endurtekningarsömum og ósveigjanlegum mynstrum hegðunar, áhugamála eða athafna sem eru greinilega ódæmigerð eða óhófleg miðað við aldur og félagsmenningarlegt samhengi einstaklingsins. Röskunin kemur fram á þroskaskeiði, yfirleitt snemma í bernsku, en einkenni koma ekki alltaf að fullu fram fyrr en síðar, þegar félagslegar kröfur aukast umfram getu einstaklingsins. Erfiðleikarnir eru nægilega miklir til að valda skerðingu á virkni í persónulegu lífi, fjölskyldulífi, félagslífi, námi, starfi eða öðrum mikilvægum sviðum. Þeir eru yfirleitt víðtækir í virkni einstaklingsins og koma fram í öllum aðstæðum, en geta verið breytilegir eftir félagslegu, námslegu eða öðru samhengi. Einstaklingar á einhverfurófinu geta haft afar fjölbreytta vitsmuna- og málfærni.
Einhverfurófsröskun án þroskahömlunar og með vægri eða engri skerðingu í virkri málnotkun	U52.0	Öll greiningarskilmerki fyrir einhverfurófsröskun skulu vera uppfyllt. Greind og aðlögunarfærni reynast vera að minnsta kosti innan meðallags (yfir 2,3. hundraðsmarki eða þar um bil). Þá er einungis væg eða engin skerðing í getu einstaklingsins í virkri málnotkun (talaðri eða táknaðri) í hagnýtum tilgangi, svo sem til að tjá persónulegar þarfir og langanir.
Einhverfurófsröskun með þroskahömlun og með vægri eða engri skerðingu í virkri málnotkun	U52.1	Öll greiningarskilmerki bæði fyrir einhverfurófsröskun og þroskahömlun eru uppfyllt, og einungis er til staðar væg eða engin skerðing í virkri málnotkun einstaklingsins (talaðri eða táknaðri) í hagnýtum tilgangi, svo sem til að tjá persónulegar þarfir og langanir.
Einhverfurófsröskun án þroskahömlunar og með skertri virkri málnotkun	U52.2	Öll greiningarskilmerki fyrir einhverfurófsröskun eru uppfyllt. Greind og aðlögunarfærni mælast að minnsta kosti innan meðallags (yfir 2,3. hundraðsmarki eða þar um bil) og virk málnotkun (töluð eða táknuð) er verulega skert miðað við aldur einstaklings. Einstaklingurinn getur ekki notað meira en stök orð eða einfaldar setningar í hagnýtum tilgangi, til dæmis til að tjá persónulegar þarfir og langanir.
Einhverfurófsröskun með þroskahömlun og með skertri virkri málnotkun	U52.3	Öll greiningarskilmerki bæði fyrir einhverfurófsröskun og þroskahömlun eru uppfyllt, og virk málnotkun (töluð eða táknuð) er verulega skert miðað við aldur einstaklings. Einstaklingurinn getur ekki notað meira en stök orð eða einfaldar setningar í hagnýtum tilgangi, til dæmis til að tjá persónulegar þarfir og langanir.
Einhverfurófsröskun með þroskahömlun og með vöntun á virkri málnotkun	U52.5	Öll greiningarskilmerki bæði fyrir einhverfurófsröskun og þroskahömlun eru uppfyllt og algjör, eða nánast algjör, vöntun er á getu miðað við aldur einstaklingsins til virkrar málnotkunar (talaðrar eða táknaðrar) í hagnýtum tilgangi, svo sem til að tjá persónulegar þarfir og langanir.

#### TVÖFÖLD SKRÁNING Í RAFRÆNUM SKRÁNINGARKERFUM:

- ✓ Við greiningu einhverfu skal um sinn skrá bæði (1) nýjan U52.x kóða og (2) F84.x kóða.
- ✓ Leitast skal við að uppfæra rafræn skráningarkerfi til að bjóða upp á tvöfalda skráningu þar sem hinir nýju U52.x kóðar eru aðalgreiningar, og hinir eldri F84.x kóðar eru aukagreiningar.
- ✓ Frekari skilgreiningar fyrir kóðana, ásamt upptalningu á því hvað þeir útiloka og taka til, má finna á vefnum SKAFL.is.

## Ekki einhverfurófsröskun – hvað þá?

- Ekki skal greina einhverfurófsröskun ef ICD-11 skilmerki eru ekki uppfyllt eða óvissa er um greininguna
  - Þetta á einnig við um aðra tilgreinda einhverfurófsröskun (U52.8) og ótilgreinda einhverfurófsröskun (U52.9).
  - Skörun við einkenni annarra raskana er algeng enda mörg hver ósértæk fyrir einhverfu.
- Hugleiðið mismunagreiningar
  - Í ICD-11 er umfjöllun um þröskuld fyrir greiningu einhverfurófsröskunar og skörun við ýmsar aðrar raskanir.
  - Í töflu 4 má finna nokkra, þó ekki tæmandi, möguleika til að hugleiða.

**Tafla 4 Dæmi um aðrar greiningar og möguleika**

ICD-11	ICD-10	Dæmi
6A01.22 <i>Developmental language disorder with impairment of mainly pragmatic language</i>	F80.8 Aðrar tal- og málþroskaraskanir (bæta við lýsingu: skerðing aðallega í félagslegri notkun máls)	<b>Málþroskaröskun með skerðingu aðallega í félagslegri notkun máls</b> Skert geta til samskipta en ekki afmörkuð endurtekningarsöm hegðun eða áhugamál. Erfiðleikar með að skilja og nota mál í félagslegu samhengi – t.d. að draga ályktanir, skilja yrtan húmor og átta sig á óræðri merkingu. Geta þó oftast sýnt og svarað félagslegum og tilfinningalegum vísbendingum og deilt áhugamálum með öðrum. Ef skerðing er vegna víðtækari erfiðleika en þeirra sem snúa að félagslegri notkun máls er vert að leita betur að afmarkaðri endurtekningarsamri hegðun áður en einhverfa er útilokuð.
6A06 <i>Stereotyped movement disorder</i>	F98.4 Staglhreyfiraskanir	<b>Staglhreyfiröskun</b> Viðvarandi endurtekningarsamar hreyfingar (með eða án sjálfsmeiðinga) án skerðingar í félagslegri gagnkvæmni og samskiptum.
6A0Y <i>Other specified neurodevelopmental disorders</i>	F88 Aðrar raskanir á sálarþroska (aðrar þroskaraskanir)	<b>Aðrar tilgreindar taugáþroskaraskanir</b> Einkenni taugáþroskaröskunar til staðar sem uppfylla ekki viðmið fyrir tilgreindar taugáþroskaraskanir á borð við einhverfurófsröskun.
6A0Z <i>Neurodevelopmental disorder, unspecified</i>	F89 Ótilgreind röskun á sálarþroska (ótilgreind þroskaröskun)	<b>Taugáþroskaröskun ótilgreind</b> Einkenni taugáþroskaröskunar á borð við einhverfurófsröskun en óvissa vegna skorts á upplýsingum eða flókinnar birtingarmyndar sem skarast milli raskana og kallar á frekari upplýsingaöflun eða endurmat. Þessa greiningu þarf alltaf að endurskoða.
—	—	<b>Engin greining – fylgjast með</b> T.d. einkenni sem passa almennt við lýsingu á einhverfurófsröskun en valda ekki marktækri skerðingu á mikilvægum virknisviðum.